

Stjórnarfundur foreldra- og hollvinafélags ME

Dags; 25.8.2022, kl. 16:30

Mættir; Árni Ólason, Fjóla Orradóttir, Steinunn Snædal, Þórunn Björg, Björgvin Steinar

Fundarstjóri: Árni Ólason skólameistari, Fundarritari: Björgvin Steinar

Dagskrá

1. Ákveða tímasetningu aðalfundar félagsins

Árni Óla leggur til fundurinn verði á sama tíma og kynningarfundur fyrir foreldranýnema verður. Stefnt að því að hafa þessa fundi 30. ágúst kl: 18:30.

2. Ársreikningur

Steinunn lagði fram drög að ársreikningi. Verður borið upp til samþykktar á aðalfundi.

Samþykkt að leggja fyrir á aðalfundi að árgjald verði óbreytt – 1.500 kr.

3. Stjórn

Núverandi stjórnarmenn eru tilbúnir í áframhaldandi stjórnarsetu fyrir utan Þórunni.

Það er fimm manna stjórn í félaginu. En á síðasta starfsári hafa verið fjórir. Það vantar því tvo nýja meðlimi.

4. Móttaka nýnema

Móttaka nýnema var í gær og aftur í dag, nýnemar eru 89. Speeddate í gær. Í dag verður horft á mynd ásamt einhverju óvæntu sem NME stendur fyrir.

Ball á Aski á morgun, föstudaginn 26. Ágúst, sem NME stendur fyrir. Gæsla á staðnum og einhver hluti starfsmanna verður á staðnum. Foreldrar eru hvattir til að fá sér göngutúr eða rúnt og sjá skemmtanahald.

5. Verkefni og staða mála.

Í komandi viku er jafnréttisvika ME.

Ef veður leyfir verður gert eitthvað skemmtilegt með nýnemum, ganga með nesti.

Í lok okt. er áætlað að haldið verði þemaball á vegum nemendafélagsins.

6. Næsti fundi

Ný stjórn kallar til fyrsta fundar þessa starfsárs.

7. Önnur mál

Engin.

Fundargerðir eru vistaðar á heimasíðu ME.

<https://www.me.is/is/skolinn/folk-og-felog/foreldra-og-hollvinafelag-me>